

**Landssamband
hestamannafélaga**

Ársreikningur

2020

Landssamband hestamannafélaga
Engjavegi 6
104 Reykjavík
kt. 710169-3579

Landssamband hestamannafélaga

Ársreikningur

2020

Efnisyfirlit

Aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-9

Aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar Landssamband hestamannafélaga.

Undirritaður hefur veitt aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2020 fyrir Landssamband hestamannafélaga byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og sundurliðanir.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Ég hef notað faglega þekkingu mína á sviði reikningsskila og ársreikningsgerðar með það að markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Ég hef fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum:

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda þess.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af mér að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veiti ég hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 11. maí 2021.

Endurskoðun BT ehf.

Lárus Finnbogason,
löggiltur endurskoðandi.

Skýrsla stjórnar

Landssamband hestamannafélaga var stofnað þann 18. desember 1949. Tilgangur samtakanna er auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSÍ, er að sinna hagsmunamálum sem tengjast hestaþróttum svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngu- og ferðamála, landnýtinga- og umhverfismála. Önnur markmið samtakanna eru m.a.:

- Að hafa yfirumsjón og vinna að eflingu hestamennsku m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi.
- Að vera málsvari hestamanna jafnt innanlands sem erlendis.
- Að eiga samstarf við önnur samtök er sinna hagsmunamálum hestamanna, svo sem á sviði ræktunarmála, tamninga, samgöngumála, ferðamála, landnýtingar og umhverfismála á vegum ríkis og sveitarfélaga.
- Að koma fram gagnvart opinberum aðilum.
- Að vinna að stofnun nýrra sérráða.
- Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
- Að vera fulltrúi hestaþróttar gagnvart erlendum aðilum og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur þar sem það á við.

Tap Landsambands hestamannafélaga á árinu 2020 nam kr. 12.969.491. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 55.812.799 og er bókfært eigið fé í árslok er kr. 50.881.453. Eiginfjárhlutfall í árslok var 91%.

Stjórn samtakanna ákvað að niðurfæra hlutafjäreign og langtímakröfur um kr. 18.000.000 til þess að mæta hugsanlegu ofmati eignanna. Ekki er um endanlega niðurfærslu að ræða heldur er hér um að ræða varfærnisniðurfærslu. Einnig var ákveðið að niðurfæra hlutafjäreign í gömlu rekstrarfélagi Eiðfaxes um kr. 500.000 en sú hlutafjäreign er talin sannanlega töpuð.

Stjórn samtakanna leggur til að rekstrarafkoma ársins verði yfirfærð til næsta árs.

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Landsambands hestamannafélaga koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Landsambands hestamannafélaga staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. maí 2021.

Í stjórn

Framkvæmdastjóri